

137. löggjafarþing 2009.
Pskj. 360 — 174. mál.

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um beiðnir um heimild til greiðsluaðlögunar.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hversu margar beiðnir um heimild til að leita greiðsluaðlögunar, sbr. lög nr. 24/2009, hafa verið teknar fyrir hjá héraðsdómstólum landsins? Hversu margar slíkar beiðnir hafa verið samþykktar og hversu mörgum hafnað?
2. Hversu margar beiðnir um heimild til tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, sbr. lög nr. 50/2009, hafa verið teknar fyrir hjá héraðsdómstólum landsins? Hversu margar slíkar beiðnir hafa verið samþykktar og hversu mörgum hafnað?

Skriflegt svar óskast.